

Aðalfundur í Vátryggingafélagi Íslands hf. („VÍS“)

16. mars 2016

Samantekt stjórnar um hlutfjáreign stærstu hluthafa og breytingar á eignarhaldi milli ára.

Í samræmi við 4. mgr. 84. gr. laga um hlutfélög nr. 2/1995 fer hér á eftir samantekt stjórnar um hlutfjáreign hluthafa VÍS. Að mati stjórnar gefa upplýsingar um 20 stærstu hluthafa félagsins nokkuð góða mynd af megineignarhaldi þess, þar sem þeir eiga samanlagt um 70% hlutfjár félagsins.

Skráð hlutfé VÍS er rúmlega 2.438 milljónir króna og er hver hlutur í félaginu ein króna að nafnverði. Allir hlutir eru í sama flokki og fylgja þeim sömu réttindi. Hluthafar voru í ársbyrjun 2015 rúmlega 1000 talsins og í árslok voru þeir tæplega 1000. Enginn hluthafi átti meira en 10% allt árið 2015.

Á aðalfundi VÍS í mars 2015 var samþykkt að stjórn fengi heimild til að kaupa allt að 10% af hlutfé félagsins í þeim tilgangi að lækka útgefið hlutfé þess. Heimildin gildir í 18 mánuði. Þann 30. apríl 2015 var tilkynnt um endurkaupaáætlun stjórnar þess efnis að kaupa að hámarki 5,2 % af útgefnu hlutfé að nafnverði þó ekki fyrir hærri fjárhæð en kr. 1.000.000.000 fram að aðalfundi 2016. Þann 30. nóvember 2015 hafði stjórn nýtt þessa heimild sína með því að kaupa kr. 119.043.949 hluti að nafnverði í félaginu eða sem nemur kr. 999.999.992 sem jafngildir um 4,88% af útgefnu hlutfé félagsins. Fyrir átti VÍS kr. 23.000.000 að nafnverði, og á þá nú sem jafngildir um 5,83% af útgefnu hlutfé í sjálfu sér. Eigin hlutum fylgir ekki atkvæðisréttur.

Eftirfarandi aðilar mynda 20 stærstu hluthafa félagsins miðað við upplýsingar úr hlutaskrá þann 18. febrúar síðastliðinn:

Nafn hluthafa	Eignarhlutur
Lífeyrissjóður verslunarmanna	9,3
Stefnir - ÍS 15	7,2
Gildi - lífeyrissjóður	6,6
Vátryggingafélag Íslands hf.	5,8
Virðing safnreikningur	5,8
Óskabein	5,5
Lífeyrissjóður.starfsm.rík. A-deild	5,2
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	2,5
Steinunn Margrét Tómasdóttir	2,5
Stapi lífeyrissjóður	2,3
SNV Holding ehf.....	2,3
Lífsverk lífeyrissjóður.....	2,1
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga.	2,1
Kvika banki hf	2,1
Lífeyrissjóður.starfsm.rík. B-deild	1,9
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	1,8
Vogabakki ehf	1,7
A.C.S. safnreikningur I	1,6
Stefnir - ÍS 5	1,5
Fagfjárfestastjóðurinn IHF.....	1,4

VÍS á 99,93% hluta í Líftryggingafélagi Íslands hf.

Reykjavík, 24. febrúar 2016

Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf.